

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 68/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/98 frá 27. mars 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun nr. 165 frá 30. júní 1997 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 128 og E 128B) sem samþykkt var af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.48 (ákvörðun nr. 164) í VI. viðauka við samninginn:

„3.49 **397 D 0823:** Ákvörðun nr. 165 frá júní 1997 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 128 og E 128B)(Stjtið. EB L 341, 12.12.1997, bls. 61).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 19.11.1998, bls. 152.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 341, 12.12.1997, bls. 61.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar nr. 165 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júlí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner